

Skólanámskrá

Grunnskóli Húnaþings-vestra

8. – 10. bekkur




Efnisyfirlit:

| | | |
|-------|----------------------------------|----|
| 1. | 8. bekkur | 5 |
| 1.1. | Íslenska | 5 |
| 1.2. | Stærðfræði | 7 |
| 1.3. | Danska | 8 |
| 1.4. | Enska | 9 |
| 1.5. | Heimilisfræði | 10 |
| 1.6. | Íþróttir | 11 |
| 1.7. | Myndmennt | 13 |
| 1.8. | Textílmennt | 14 |
| 1.9. | Lífsleikni | 15 |
| 1.10. | Náttúrufræði | 16 |
| 1.11. | Samfélagsfræði | 17 |
| 1.12. | Kristinfræði | 18 |
| 1.13. | Upplýsingamennt | 19 |
| 1.14. | Hönnun og smíði | 20 |
| 1.15. | Tónmennt | 21 |
| 2. | 9. bekkur: | 23 |
| 2.1. | Íslenska | 23 |
| 2.2. | Stærðfræði | 25 |
| 2.3. | Danska | 27 |
| 2.4. | Enska | 28 |
| 2.5. | Íþróttir | 29 |
| 2.6. | Lífsleikni | 31 |
| 2.7. | Náttúrufræði | 32 |
| 2.8. | Samfélagsfræði | 34 |
| 3. | 10. bekkur | 36 |
| 3.1. | Íslenska | 36 |
| 3.2. | Stærðfræði | 38 |
| 3.3. | Danska | 40 |
| 3.4. | Enska | 41 |
| 3.5. | Íþróttir | 42 |
| 3.6. | Lífsleikni | 44 |
| 3.7. | Náttúrufræði | 45 |
| 3.8. | Samfélagsfræði | 47 |
| 4. | Valgreinar í 9. – 10. bekk | 49 |
| 4.1. | Heimilisfræði | 49 |
| 4.2. | Fjöllist | 50 |
| 4.3. | Hannyrðir | 50 |
| 4.4. | Tölvufræði | 51 |
| 4.5. | Smíði | 51 |
| 4.6. | Tónmennt | 52 |
| 4.7. | Rafmagnsfræði | 52 |
| 4.8. | Hestamennska | 53 |
| 4.9. | Þýska | 53 |

| | | |
|-------|----------------------------|----|
| 4.10. | Íþróttافرæði | 54 |
| 4.11. | Bókfærsla | 54 |
| 4.12. | Félagsmálafræði | 55 |
| 4.13. | Myndmennt | 55 |
| 4.14. | Nám í tónlistarskóla | 56 |
| 4.15. | Vélfræði | 56 |
| 4.16. | Ritvinnsla | 56 |

8. *bekkur*



1. 8. bekkur

1.1. Íslenska

Námsgögn:

Mályrkja I

Fallorð

Sagnorð

Ljóð úr ýmsum áttum

Íslendingasaga

Riddarar Hringstigans

Valbækur

Punktur, punktur, komma, strik (myndband)

Ítarefni:

Skólaljóð

Ljóðasafn handa unglingum

Ljóðsprotar

Ljóðspeglar

Stuttungur 1

Réttitunarorðabók

Orðabók menningarsjóðs

Orðið er laust

Orðalind

Orðhákur 2

Viðfangsefni:

Lestur: Farið verður reglulega á bókasafn og nemendur hvattir til heimalesturs. Nemendur skrifa ritgerð um valbók og vinna verkefni tengd efni á internetinu.

Talað mál og framsögn: Haldnir verða málfundir og nemendum leiðbeint með uppbyggingu talaðs máls. Nemendur látnir lesa upp og leiðbeint í flutningi ljóða.

Hlustun og áhorf: Í kennslu reynir á að nemendur geti hlustað á og hlýtt fyrir mælum. Einnig að þeir hlusti hver á annan í upplestri og á málfundum. Horft verður á nokkrar íslenskar kvikmyndir byggðar á sígildum íslenskum skáldverkum.

Ritun: Stafsetning verður kennd með aðferðum heildstæðrar móðurmálskennslu og nemendur látnir skrifa upp eftir upplestri einu sinni í viku. Einnig skrifa nemendur eina bókmenntaritgerð og fleiri smáverkefni.

Bókmenntir: Lesin verða tvö bókmenntaverk auk valbóka og unnin úr þeim verkefni. Litið verður á annað frásagnarform, s.s. smásögur, ljóð, teiknimyndasögur, kvikmyndir o.s.frv. Farið verður í helstu atriði bragfræði og myndmáls og nemendur hvattir til að skrifa sín eigin ljóð.

Málfræði: Farið verður í beygingaratriði fallorða og sagnorða en smáorð kynnt lauslega. Litið á notkun orðabóka og kynnt undirstöðuatriði í orðhlutafraeði (forskeyti, stofn, viðskeyti beygingarendingar) og hljóðfræði (samhljóðar, sérhljóðar, einhljóðar og tvíhljóðar). Vandlega skoðaðar málfræðilegar skammstafanir.

Grundvöllur mats:

Lestur: Símat, þar sem sérstaklega er litið til þess hvort nemendur séu færir að svara spurningum úr lesefni. Fellur inn í einkun í bókmenntum.

Talað mál og framsögn: Símat, þar sem sérstaklega er litið til þess hvort nemendur færi rök fyrir máli sínu byggi það eðlilega upp og hafi eðlilegar áherslur og talandi. Endurgjöf eftir hvern málfund.

Hlustun og áhorf: Ekki er gefið sérstaklega fyrir þennan þátt, enda hlýtur að endurspeglast í öðrum einkunnum hversu fel nemendur geta hlýtt fyrir mælum.

Bókmenntir: Skriflegt próf verður úr Hrafkelssögu og verkefni unnin úr Riddurum hringstigans. Auk þess skrifa nemendur valbókaritgerð. Ljóð eru metin með skriflegu prófi í lok hversrar annar auk þess sem eigin ljóð nemenda eru metin jafnóðum.

Ritun: Valbókaritgerð er metin til einkunnar í bókmenntum auk skriflegs verkefnis úr riddurum hringstigans. Aðrar ritæfingar metnar jafnóðum.

Málfræði: Skrifleg próf sem kanna eiga málfræðikunnáttu nemenda verða í lok hvers misseris, auk þess sem vinnubækur verða metnar.

1.2. Stærðfræði

Námsgögn:

Almenn stærðfræði I

Ítarefni:

Plútó

Ýmis ljósrituð viðbótarverkefni

Dægurdæmi

Viðfangsefni:

Stærðfræði og tungumál: Nemendur vinna með háar og lágar tölur á ýmsu formi, þjálfast í rétttri notkun stærðfræðitákna og sviga. Áhersla á að nemendur ræði saman um stærðfræðina, beri saman bækur sínar og útskýri hver fyrir öðrum. Nemendur þjálfist þannig í meðferð stærðfræðilegra hugtaka.

Lausnir verkefna og þrauta: Unnið á markvissan hátt að þjálfun þrautalausna og nemendum kennd kerfisbundin vinnubrögð í því skyni.

Rökshenging og röksemdafærslur: Nemendur þjálfast í að rökstyðja mál sitt og komast að rökstuddum niðurstöðum. Nemendur setji fram röksemdafærslur á skýran hátt, bæði í mæltu og rituðu máli.

Tengsl við daglegt líf: Unnið að því að skapa tengsl milli námsefnis nemenda og daglegs lífs þeirra, í hverjum námsþætti skulu tekin dæmi um notkun þekkingarinnar í daglegu lífi. Nemendur noti stærðfræðina í tengslum við eigin fjármál.

Tölur og reikniáðgerðir: Viðfangsefni eru t.d. náttúrulegar tölur, frumtölur, tugabrot, námundun, slumpreikningur, vasareiknar, almenn brot, áðgerðir með almenn brot, samnefnarar, blandnar tölur, drekar. Nemendur reikna verkefni og bækur á sjálfstæðan hátt en styðjast við innlagnir frá kennara á töflu. Þá reikna nemendur reglulega heimaæmi sem kennari fer yfir. Nemendur temji sér að prófa niðurstöður og leita að villum í huganum í stað þess að trúá blint á reiknivélina.

Hlutföll og prósentur: Nemendur fást við hlutföll, s.s. í uppdráttum og uppskriftum, finna hluta og prósentur af heilum tölum og skoða ýmis hlutföll t.d. í byggingalist. Nemendur þjálfast í umræðum um hlutföll og fáist við prósentureikning sem algengur er í þjóðfélaginu.

Mynstur og algebra: Nemendur vinna með bókstafi til að tákna stærðir, leysi einfaldar jöfnur og kynnist muninum á stæðu og jöfnu.

Rúmfræði: Ýmis rúmfræðileg hugtök, ummál flatarmál og rúmmál, hnitakerfi o.fl.

Tölfræði og líkindafræði: Hugtökin tíðni, tíðnidreifing, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi. Áhersla lögð á skilning og túlkun á tölfræðilegum viðfangsefnum.

Grundvöllur mats:

Mat er ekki sundurliðað sérstaklega fyrir hvern þátt stærðfræðinámsins. Matið byggist á reglulegum könnunum, verkefnum og prófum. Miðað skal við að nemendur taki reglulega kannanir úr afmörkuðum námsþáttum. Þessar kannanir gildi 50% af voreinkunn. Reglulega td. mánaðarlega verði lögð fyrir heimaæmi (t.d. þrautir) sem kennari fer yfir og gilda þau 10% af voreinkunn. Vorpróf gildi 40%

1.3. *Danska*

Námsgögn:

Vi ses

Hvad siger du B (hlustunarefni)

Og det er Danmark (þættir á myndböndum)

Ítarefni:

Dönsk orðabók handa skólafólki

Dönsk – íslensk orðabók

Danskar málfræðiæfingar

Ljósrituð verkefni úr ýmsum áttum

Viðfangsefni:

Hlustun: Unnið er með hlustunarefnið *Hvad siger du B* um það bil einu sinni í viku auk hlustunarverkefna í *Vi ses*.

Lestur: Nemendur vinna verkefni í tengslum við kennslubókina, lesa hraðlestrarbækur auk valbókar sem skrifuð er ritgerð upp úr. Nemendur öðlast færni í notkun ákveðna og óákveðna greinisins og byrja að læra beygingar reglulegra og óreglulegra sagna.

Talað mál: Unnar verða samtalsæfingar á ljósritum og nemendur æfa upplestur.

Ritun: Auk þess að skrifa valbókarritgerð vinna nemendur ýmis skrifleg verkefni í tengslum við kennslubókina *Vi ses*.

Grundvöllur mats:

Hlustun: Verkefnabækur í hlustun eru metnar auk hlustunarverkefna á vorprófi. Einnig er í gangi símat yfir veturinn þar sem kennari gefur nemendum fyrirmæli á dönsku.

Lestur: Nemendur taka kaflapróf eftir hvern kafla í kennslubókinni þar sem bæði er prófað úr lesnum og ólesnum textum.

Talað mál: Nemendur taka munnlegt próf að vori.

Ritun: Lagt er mat á valbókarritgerð nemenda, auk þess sem ritunarþættir kaflaprófa aukast er líður á veturinn. Einnig er ritunarverkefni á vorprófi.

1.4. Enska

Námstögn:

Project English 1 (kaflar 5-8) (lesbók, vinnubók og málfræði)

One World 2 (lesbók, vinnubók)

Let's Listen 1

Listening Skills

Málfræði B og C

Ítarefni:

Annað hlustunarefni

Enskir söngvar

Orðabækur

Heppuskólaverkefni

Ýmsar léttlestrarbækur

Viðfangsefni:

Hlustun: Notað ýmis konar hlustunarefni. Nemendur geti skilið ensku í kennslustofunni, tal kennara og félaga í par- og hópæfingum. Nemendur geti skilið ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með. Nemendur geti skilið efni þar sem hlustun og myndefni tengist.

Lestur: Lesnir textar í kennslubók. Lesnar léttar smásögur. Nemendur geti lesið nákvæmlega eða hraðlesið eftir þörfum.

Talað mál: Enska notuð sem mest til samskipta í kennslustofu. Nemendur geti tjáð sig um umhverfi sitt, áhugamál og það efni sem unnið er með hverju sinni.

Málfræði: Nemendur geti beitt eftirtöldum málfræðiatríðum: nútíð og þátíð, framtíð, nafnorðum, lýsingarorðum, greini, algengum fornöfnum og forsetningum.

Ritun: Nemendur skrifa samfellda texta á léttu máli, þ.e. bréf og skýrslur og þjálfist í að vinna með orrðaforða í ritunarverkefnum og beita málnotkunarreglum í ritun.

Mat: Skriflegar kannanir við lok hvers kafla í kennslubók. Símat á verkefnum sem nemendur vinna yfir veturinn og próf í lok kennsluárs. Skil á verkefnum um þær léttlestrarbækur/smásögur sem nemendur lesa. Munnlegt próf í lok kennsluárs. Í námsmati skal taka mið af þeim 4 færnisþáttum sem fram koma í markmiðum, þ.e. hlustun, lestri, töluðu máli og ritun.

1.5. Heimilisfræði

Námsgögn:

Heimilisfræði 2, verkefnablöð (matvælafræði og hreinlætisfræði).

Ýtarefni:

Ymsar uppskriftir

Mat:

Símat

Næring og hollusta:

- þekki helstu næringarefni fæðunnar og hlutverk þeirra og sjúkdóma sem stafa af röngu mataræði
- fái þjálfun í að tengja næringarfræði og matreiðslu í verki
- fái þjálfun í að setja saman máltíð með hliðsjón af fæðuhring
- þjálfist í að nota næringartöflu til að bera saman fæðutegundir

Matreiðsla og vinnubrögð:

- fái þjálfun í að matreiða fjölbreyttan, girnilegan og góðan hversdagsmat
- hafi tileinkað sér góða vinnutækni og rétta líkamsbeitingu
- þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir matreiðslubókum og margmiðlunarefni

Matvælafræði:

- geti gert samanburð (næringargildi, verð, tímasparnaður) á nýmeti og unnum matvælum
- þekki aukaefni sem notuð eru í matvæli

Hreinllæti:

- kunni skil á skaðsemi mismunandi örvera(krossmengun)
- öðlist skilning á mikilvægir hreinlætis fyrir vellíðan hvers einstaklings og umhverfi hans
- temji sér að nota hreinlætisvörur í hófi, velji umhverfisvænarvörur og viti hvaða efni á að varast

Neytendafræði og umhverfisvernd:

- geri sér grein fyrir áhrifum auglýsinga á neyslu
- læri að skipuleggja innkaup með tilliti til hagsýni (verð, gæði og umhverfissjónarmið).

1.6. Íþróttir

Skynþroski Hreyfiþroski

Nemandi

- þjálfist í samsettum hreyfingum
- þjálfist í flóknum hreyfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu
- taki þátt í æfingum og leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla færni í íþróttagreinum
- þjálfist enn frekar í óhefðbundnum íþróttum
- fái nýja hreyfireynslu sem snýr að þátttöku í íþróttum eða hreyfingu
- þjálfist í undirstöðuatríðum nýrra eða áður lærðra hóp- og einstaklingsíþróttar sem stundaðar eru hér á landi
- nái frekari tókum á undirstöðuatríðum í vetrariþróttum
- fái tækifæri til að iðka íþróttagrein að eigin vali í styttri eða lengri tíma

Líkamsþroski Fagurþroski

Nemandi

- þjálfist í æfingum sem efla líkamsþol, hjarta- og blóðrásarkerfi
- þjálfist í æfingum sem efla kraft
- þjálfist í að nota eigin líkamsþunga til kraftþjálfunar
- þjálfist í æfingum sem efla hraða og viðbragð
- þjálfist í þrek sitt á leikrænan hátt með undirstöðuæfingum ýmissa íþróttagreina
- tileinki sér rétta tækni við vöðvateygjur og liðkandi æfingar
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti
- taki þátt í hringþjálfun sem nær yfir 3-4 vikur
- læri nýjan íslenskan og erlendan dans
- þjálfist í að auðga hugmyndaflug, sköpunarmátt og tjáningu með fjölbreyttu hreyfinámi

Félagsþroski Tilfinningaþroski Siðgæðisþroski

Nemandi

- þjálfist í að skipuleggja, framkvæma og bera ábyrgð á hópvinnum sem snýr að íþróttum og leikjum
- taki þátt í og beri ábyrgð á samstarfsverkefnum bekkjarmótum og íþróttasýningum
- öðlist enn frekari skilning og raunsætt mat á eigin getu í ýmsum færni- og tjáningarþáttum
- taki þátt í hópverkefnum sem innihalda tjáningu af ýmsum toga
- þjálfist í leikjum og æfingum þar sem veita þarf félaga eða félögum hvatningu
- fái hvatningu til frekari íþróttaiðkunar
- fái upplýsingar um möguleika til frekari ástundunar íþróttar hjá íþróttafélögum í heimabyggð eða næsta nágrenni

Vitsmunabroski

Nemandi

- fræðist um og tileinki sér rétta líkamsbeitingu í skóla og við vinnu
- læri með hvaða æfingum og leikjum hægt sé á markvissan hátt að efla hjarta og blóðrásarkerfi og starfsemi lungna
- læri helstu hugtök ýmissa íþróttagreina
- tileinki sér öryggis- og umgengnisreglur á nýjum vettvangi
- fái fræðslu og reynslu í notkun ýmiss konar útbúnaðar og klæðnaðar vegna útivistar
- nýti sér tölvu og upplýsingatækni við skrásetningu æfingadagbókar í líkams- og heilsurækt

Sund:

Á unglíngastigi er lögð áhersla á þátt upplifunar í allri sundkennslu. Slík nálgun hefur það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall og slaka ástundun sem oft einkennir þetta tímabil. Sækjast skal eftir því að unglíngarnir njóti þess að stunda sundnám og hafi af því bæði lærdóm og ánægju. Jafnframt skal stefnt að því að bæta þau áfangamarkmið sem náðust við lok 7. bekkjar.

1.7. Myndmennt

Viðfangsefni:

Litafræði, mannlíkaminn, grafík, tækjanotkun, rými, vinnulag, listasaga, fagurfræði og gagnrýni.

Markmið:

Nemandi þekki hlutföll mannlíkamans, vinni andlitsmynd í tví- og þrívídd, þekki hugtakið fjölfeldi, geti notað mismunandi tæknilega miðla, geti skilgreint mismunandi listastefnur og þekki atvinnugreinar myndlistarmanna og hönnuða.

Námsefni:

Matreitt af kennara eftir þörfum.

Námsmat:

Símat, sjálfsmat og yfirlitsmat í lok hverrar annar.

1.8. Textílmenn

Námsgögn:

Hvernig á að sauma á saumavél
Á prjónunum eftir Unni Breiðfjörð
Föt á börn eftir Sigrúnu Guðmundsdóttur
Prjónablöð, sniðblöð, ýmsar handbækur og ljósrit.

Viðfangsefni:

Prjón – munsturprón, prjónað á fjóra prjóna (sokkar, vettlingar).
Hekl – loftflykkjur, keðjulykkjur, fastahekl, stuðlar, tvíbrugðnir stuðlar.
Vélsaumur – nemendur læri að taka upp snið, sníða og sauma einfaldar flíkur.
Bútsaumur, fixativeúðun, munsturgerð, útsaumur, leðurvinna, silkimálun.

Námsmat:

Símat í kennslustundum þar sem vinnubrögð, iðjusemi, hegðun og fleira er lagt til grundvallar. Nemendur fá einkunn í tölum og umsögnum.

1.9. Lífsleikni

Námsefni:

Í sátt og samlyndi
Margt er um að velja
Ljósrit á blöðum

Ítarefni:

Að ná tókum á tilverunni
Vertu reyklus
Umferðalög
Barnasáttmáli
Fyrsta hjálp
Og margt, margt fleira

Viðfangsefni:

Sjálfstyrking
Innri þekking
Tilfinningaleg stjórnun
Leikræn tjáning
Tjáning tilfinninga/hugsana
Umferðareglur og aðrar samskiptareglur
Reykingar
Almenn siðfræði
Úrlausn vandamála
Hugtakið umburðalyndi

Mat:

Enginn einkunn gefin fyrir áfangann.

1.10. Náttúrufræði

Viðfangsefni:

Eðlisvísindi: Þekki áhrif véla á krafta og kraftverkan í einföldum vökvaknúnnum tækjum, vinni með vogarstangir, talíur hjól, ás, skáfleti, fleyg og skrúfu. Geti lýst samsetningu ýmissa véla, mælt kraft og hröðun hluta. Vinni með samband vegalengdar, tíma, ferðar, hraða og hröðunar. Þekki og geti unnið með þyngdarlögmál Newtons, tengsl þess við sólkerfin og hugtakið þyngdarkraft. Geti útskýrt og notað reikniaðferðir sem sýnir sambandið milli vinnu, orku og afl. Skilji áhrif núningskrafts á hreyfingu hluta. Geri athuganir tengdum þrýstingi, skilji og geti beitt hugtökum tengdum eðlismassa, flotkrafti, lögmáli Arkimedesar og Bernoullis. Vinni með sveiflustærð, lögun, bylgjulengd og tíðni bylgju, geri athuganir með hljóðbylgjur og speglun.

Lífvísindi: Kynnist sögu og þróun náttúruvísinda, þekki ráðgátur náttúruvísinda dagsins í dag, geti beitt grunnhugtökum lífvísísinda, geti lýst sameiginlegum einkennum lífvera. Þekki mun á lífrænum og ólífrænum efnum, þekki hlutverk þeirra hjá lífverum og algengustu frumefnin í þeim. Geti skýrt frumuöndum og ljóstillífum. Geti lýst stærð, uppbyggingu og sérhæfingu fruma. Geti skýrt jafnskiptingu fruma og hvernig kynfrumur verða til. Geri einfaldar tilraunir með osmósu og flæði. Þekki til nútímataekni í lífvísindum.

Vettvangsferðir:

Eðlisvísindi: T.d. bifreiðaverkstæði ofl.

Lífvísindi: T.d ferð á rannsóknastofur í meinafræðum

Námsgögn:

Eðlisvísindi: Kraftur og hreyfing

Lífvísindi: Einkenni lífvera

Ítarefni:

Bækur

Aflfræði unga fólksins/aflfræði í máli og myndum 1994.

Heimur þekkingar.

Heimurinn okkar-vísindi og mannlíf nútímans 2. bindi 1983.

Myndbönd

T.d. Eyewitnes o.fl.

s.s veðrið, jarðeldar, steinaríkið, fiskar ár og tjarnir, heimskautin

Forrit

Vasaskipið

Arkimedes

Aflfræði

Grundvöllur mats:

Skriflegt próf í lok hverrar annar.

Símat í verklegum æfingum þar sem metið er áhugi, sjálfstæði, ábyrgð, sköpunargáfa og rökhugsun.

Símat á verkefnaöppur og/eða stærri verkefni.

1.11. Samfélagsfræði

Námsgögn:

Sjálfstæði Íslendinga III
Landafræði handa unglungum I

Ítarefni:

Landið og landakortin
Heimshornaflakk (forrit)

Viðfangsefni:

- a) *Árin 1750 - 1900:*
- Sjálfstæðisbarátta Íslendinga
 - Jón Sigurðsson og Fjölnismenn
 - Þróun lýðræðis
 - Kvenfrelsisbaráttan
 - Kreppan mikla
- b) *Landafræði:*
- Landakort og myndir
 - Saga jarðar
 - Náttúra og loftslag jarðar (veður)
 - Orka jarðar
 - Mismunandi menningarstig Evrópu kynnt

Grundvöllur mats:

Símat á hópavinnu, verkefnum nemenda og vinnubókum. Próf í lok hvernar annar.

1.12. Kristinfræði

Námsgögn:

Maðurinn og trúin

Ítarefni:

Ýmsar lesarkir í tengslum við siðfræðileg viðfangsefni.

Viðfangsefni:

Að kynna nemendum ólík trúarbrögð mannkyns, útbreiðslu og tengsl við þjóðlífsmenningu viðkomandi samfélaga.

Grundvöllur mats:

Prepamarkmið Aðalnámskrár eru grundvöllur mats. Nemendur velja sér einnig ritgerðarefni til að gera nánari skil á. Próf eru í lok anna.

1.13. Upplýsingamennt

Námsgögn:

Verkefnahefti fyrir gluggaumhverfi – Windows, Word, Excel
Internetið á eigin spýtur – Outlook Express, Internet Explorer

Ítarefni:

Ýmislegt frá kennara.

Viðfangsefni:

Verkefnavinna: Unnin verkefni úr verkefnaheftinu, sérstaklega í Word. Þannig að nemandinn sé fullfær um að skila ritgerðum í tölvutæku formi og útprentuðum með myndum, blaðsíðunúmerum, efnisyfirliti og tilheyrandi. Nemandi notar internetið, vafrar um á netinu og lærir um notkun á tölvupósti.

Grundvöllur mats:

Verkefnavinna í tímum: Skil á verkefnum unnum í tímum. Fjöldi skilaðra verkefna og hvernig þau hafa verið unnin.

Annarpróf og vorpróf: Kunnátta nemenda á notkun ritvinnsluforrítsins Word og notkun á Windows umhverfinu, póstforritinu Outlook Express og Internet Explorer prófuð.

1.14. Hönnun og smíði

Viðfangsefni

T.d. bakki eða skál úr tré, skeiðar, pinnaspil, handspegill, glasabakki, skammel, blómasúla, kryddhilla, ostabakki, smá hlutir úr messing og eir s.s. hálsmen, næla, eyrnalokkar, beltissylgjur, hringur, upptakari, bindisnæla, skóhorn, blaðahnífur og ýmsir smá hlutir úr gleri s.s. næla, ýmis gluggaskraut.

Markmið

Að nemendur haldi áfram að þjálfa fyrri vinnubrögð s.s. notkun rennibekks og formun í tré og kynnist auk þess vinnu með málma og gler notkun á rafknúinni handborvél kynnt. Mikil áhersla er lögð á öryggi og góða umgengni, sérstaklega við yfirborðsmeðferð í málningarherbergi.

Vinnubrögð

Nemendur renna og forma í tré, saga, þjala klippa, pússa og pólera málma, hnoða, skrúfa, hamra og skera gler og tina.

Verkfæri

Hér bætist við fyrri verkfæri rafmagnshandborvél, húljárn, járnklippur, járnsgög, silfursög, smáþjalir, póleraðir hamrar, lóðbolti og slípivél fyrir glervinnu.

1.15. Tónmennt

Nemendur í þessum aldursflokki eru á tímamótum, andlega og líkamlega og þurfa þess vegna mikið á sjálfsstyrkingu að halda, þar gegnir tónlistin stóru hlutverki og sú spegilmynd sem hún gefur af þeirri tónlistarveröld sem þau heillast af.


Áhugi nemandans sjálfs er ein mikilvægasta forsenda fyrir árangursríku námi.

Þess vegna þarf að vekja með honum jákvæða afstöðu til tónmenntarnáms og byggja ofan á þann grunn sem hann hefur, en það er sú tónlistarreynsla sem hver nemandi hefur áunnið sér í gegn um námið og eins ef hann hefur stundað nám í tónlistarskóla.

Grunnskólinn og tónlistarskólinn hafa tekið upp það samstarf að nemendur í 9. og 10. bekk, sem jafnframt eru í tónlistarnámi, velja sér tónlist í valgrein innan grunnskólans og fá þar kennslu í tónheyrn og tóngreiningu.

Er æskilegt að þetta samstarf haldi áfram, til þess að hægt verði að sinna þeim bóklegu greinum sem nemendur í tónlistarnámi þurfa að læra, samkvæmt námskrá tónlistarskólanna.

9. *bekkur*



2. 9. bekkur:

2.1. Íslenska

Námsgögn:

Mályrkja II (Vinnubók II)

Sagnorð

Íslendingasaga

Bókmenntaverk eftir íslenskan höfund

Kjörbækur

Kvikmynd byggð á íslensku skáldverki

Ítarefni:

Ljóð úr ýmsum áttum

Bragfræði e. Ragnar Inga Aðalsteinsson

Skólaljóð

Ljóðasafn handa unglíngum

Ljóðsprotar

Ljóðspeglar

Stuttungur 1

Réttitunarorðabók

Orðabækur

Smáorð

Orðið er laust

Orðalind

Kennslubók í stafsetningu e. Árna Þórðarson

Vasabækur

Frjálslestrarbækur

Orðhákur 2

Villi í villuleit (kennsluforrit)

Ritbjörg (kennsluforrit)

Ævar (kennsluforrit)

Málfræðigreining (kennsluforrit)

Málfræðileikir (kennsluforrit)

Viðfangsefni:

Lestur: Nemendur hvattir til frjáls lestrar og að þeir lesi nokkrar skáldsögur að eigin vali.

Talað mál og framsögn: Haldnir verða málfundir og nemendum leiðbeint með uppbyggingu talaðs máls. Nemendur látnir lesa upp og leiðbeint í flutningi ljóða. Nemendur halda bókmenntakynningar, t.d. á nýútkomnum bókum.

Hlustun og áhorf: Í kennslu reynir á að nemendur geti hlustað á frásögn í bundnu og óbundnu máli. Einnig reynir á að þeir geti hlýtt fyrir mælum. Nemendur þjálfast í að hlusta á upplestur af snældum (t.d. Gauragangi) og horft verður á íslenska kvikmynd byggða á sígildu íslensku skáldverki.

Ritun: Nemendur skrifa ritgerðir um kjörbækur og vinna verkefni tengd efni á netinu. Nemendur læri undirstöðuatriði heimildarritunar. Nemendur þjálfast í ritun, m.a. í

formi bréfa, umsókna, útdráttá, frásagna og geti notað ritunarforrit til þess. Nemendur haldi við fenginni kunnáttu í stafsetningu og leddi áherslu á að sinna réttritun í öllum greinum. Nemendur temji sér vandaða skrift og frágang.

Bókmenntir: Lesin verður ein íslendingasaga, tvö bókmenntaverk auk kjörbóka og unnin úr þeim verkefni. Önnur frásagnarform verða skoðuð, s.s. smásögur, ljóð, teiknimyndasögur, kvikmyndir o.fl. Nemendur öðlist þekkingu í bragfræði og ljóðlist. Nemendur eru hvattir til að skrifa sín eigin ljóð.

Málfræði: Fjallað verður um fallorð, sagnorð og smáorða. Nemendur þekki hugtök í tengslum við orðmyndun, s.s. stofn, rót, forskeyti, viðskeyti og beygingarending. Nemendur þekki hugtök eins og víðtækur og sértækur, hlutstæð og óhlutstæð og þekki skilgreiningu á hugtökunum málsháttur og orðtak. Nemendur þjálfast í að vinna með orðabækur og þekkjá málfræðilegar skammstafanir.

Grundvöllur mats:

Námsmatið er byggt á stöðugu eftirliti með vinnu nemandans. Námsmatið tekur til fjölbreyttra þátta námsins.

Lestur: Símat, þar sem sérstaklega er litið til þess hvort nemendur séu færir að svara spurningum úr lesefni. Fellur inn í einkun í bókmenntum.

Talað mál og framsögn: Símat, þar sem sérstaklega er litið til þess hvort nemendur færi rök fyrir máli sínu byggi það eðlilega upp og hafi eðlilegar áherslur og talandi.

Hlustun og áhorf: Ekki er gefið sérstaklega fyrir þennan þátt, enda hlýtur að endurspeglast í öðrum einkunnum hversu fel nemendur geta hlýtt fyrir mælum.

Bókmenntir: Skriflegt próf er úr íslendingasögu auk verkefna sem unnin eru jafnhliða yfirferð. Nemendur skrifa ritgerð úr íslensku bókmenntaverki og auk þess skrifa eina kjörbókarritgerð. Bragfræði er metin með skriflegu prófi í lok yfirferðar.

Ritun: Kjörbókarritgerð er metin til einkunnar í bókmenntum auk skriflegs verkefnis úr íslensku bókmenntaverki. Aðrar ritæfingar metnar jafnóðum.

Málfræði: Skrifleg próf sem kanna eiga málfræðikunnáttu nemenda verða í lok hvers námsþáttar.

Auk þessa er heildarpróf í lok vetrar er kannar heildarsöðu nemandans og gildir það 50% af heildareinkunn.

2.2. Stærðfræði

Námsgögn:

Almenn stærðfræði II

Ítarefni:

Ýmis ljósrituð viðbótarverkefni

Dægurðæmi

Viðfangsefni:

Stærðfræði og tungumál: Nemendur vinna með háar og lágar tölur á ýmsu formi, þjálfast í rétttri notkun stærðfræðitákna og sviga. Áhersla á að nemendur ræði saman um stærðfræðina, beri saman bækur sínar og útskýri hver fyrir öðrum. Nemendur þjálfist þannig í meðferð stærðfræðilegra hugtaka. Nemendur skrifa skipulega minnispunkta og skýringarmyndir um stærðfræðileg efni og koma þannig hugsunum sínum í skipulegra horf.

Lausnir verkefna og þrauta: Unnið á markvissan hátt að þjálfun þrautalausna og nemendum kennd kerfisbundin vinnubrögð í því skyni.

Rökshenging og röksemdafærslur: Nemendur þjálfast í að rökstyðja mál sitt og komast að rökstuddum niðurstöðum. Nemendur setji fram röksemdafærslur á skýran hátt, bæði í mæltu og rituðu máli. Nemendur þjálfast í vinnslu úr gagnagrunnum.

Tengsl við daglegt líf: Unnið að því að skapa tengsl milli námsefnis nemenda og daglegs lífs þeirra, í hverjum námsþætti skulu tekin dæmi um notkun þekkingarinnar í daglegu lífi. Áhersla á að nemendur kynnist töflureikni við hagnýt stærðfræðileg viðfangsefni.

Tölur og reikniaðgerðir: Viðfangsefni eru t.d. veldareglur, frumtölur, frumtölupáttun, tugabrot, almenn brot, talnakerfi, samlagningarandhverfur, formerkjareglur, ræðar tölur, staðalform, forgangsröð aðgerða o.fl.. Nemendur reikna verkefni og bækur á sjálfstæðan hátt en styðjast við innlagnir frá kennara á töflu. Þá reikna nemendur reglulega heimaðæmi sem kennari fer yfir. Nemendur temji sér að prófa niðurstöður og leita að villum í huganum í stað þess að trúá blint á reiknivélina.

Hlutföll og prósentur: Nemendur fást við hlutföll, s.s. í uppdráttum og uppskriftum, finna hluta og prósentur af heilum tölum og skoða ýmis hlutföll t.d. í byggingalist. Nemendur þjálfast í umræðum um hlutföll og fáist við prósentureikning sem algengur er í þjóðfélaginu.

Mynstur og algebra: Nemendur nota algebra til að tákna samband stærða með formúlum, leysa fyrsta stigs jöfnur af öryggi og gera greinarmun á jöfnum og stæðum.

Rúmfræði: Ýmis rúmfræðileg hugtök, hringur, þvermál, geisli, bogi o.sfrv. Nemendur fást við hornamælingar, reikna rúmmál og yfirborðsflatarmál o.fl..

Tölfræði og líkindafræði: Hugtökin tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi. Áhersla lögð á skilning og túlkun á tölfræðilegum viðfangsefnum, sérstök áhersla á viðfangsefni sem tengjast daglegu lífi nemenda.

Grundvöllur mats:

Mat er ekki sundurliðað sérstaklega fyrir hvern þátt stærðfræðinámsins. Matið byggist á reglulegum könnunum, verkefnum og prófum. Miðað skal við að nemendur taki reglulega kannanir úr afmörkuðum námsþáttum. Þessar kannanir gildi 50% af voreinkunn. Reglulega td. mánaðarlega verði lögð fyrir heimaðemi (t.d. þrautir) sem kennari fer yfir og gilda þau 10% af voreinkunn. Vorpróf gildi 40%

2.3. *Danska*

Námsgögn:

Go'dag Danmark

Hvad siger du C (hlustunarefni)

Og det er Danmark (þættir á myndböndum)

Ítarefni:

Dönsk orðabók handa skólafólki

Dönsk – íslensk orðabók

Danskar málfræðiæfingar

Ljósrituð verkefni úr ýmsum áttum

Viðfangsefni:

Hlustun: Unnið er með hlustunarefnið Hvad siger du C um það bil einu sinni í viku auk hlustunarverkefna í Go'dag Danmark

Lestur: Nemendur vinna verkefni í tengslum við kennslubókina, lesa hraðlestrarbækur auk valbókar sem skrifuð er ritgerð upp úr. Nemendur öðlast færni í beygingum sagnorða og læra undirstöðuatríði í stigbreytingu lýsingarorða.

Talað mál: Unnar verða samtalsæfingar á ljósritum og nemendur æfa upplestur.

Ritun: Auk þess að skrifa valbókarritgerð vinna nemendur ýmis skrifleg verkefni í tengslum við kennslubókina Go'dag Danmark.

Grundvöllur mats:

Hlustun: Verkefnabækur í hlustun eru metnar auk hlustunarverkefna á vorprófi. Einnig er í gangi símat yfir veturinn þar sem kennari gefur nemendum fyrirmæli á dönsku.

Lestur: Nemendur taka próf í lok hvers misseris þar sem bæði er prófað úr lesnum og ólesnum textum.

Talað mál: Nemendur taka munnlegt próf að vori.

Ritun: Lagt er mat á valbókarritgerð nemenda auk ritunarverkefna á prófum.

2.4. Enska

Námöggn:

Project English 2 (lesbók, vinnubók og málfræði)

One World 3 (lesbók, vinnubók)

Let's Listen 1 og 2

Ensk málfræði 1, 2 og 3 fyrir alla

Ítarefni:

Annað hlustunarefni

Dagblöð og bækur

Orðabækur

Heppuskólaverkefni

Ýmsar léttlestrarbækur

Kvikmyndir án íslensks texta

Viðfangsefni:

Hlustun: Notað ýmis konar hlustunarefni. Nemendur geti skilið fyrirhafnalítið þegar talað er um málefni sem hann þekkir. Geti skilið leiðbeiningar og nákvæm fyrirmæli, t.d. um ferðalög. Nemendur þjálfist í að hlusta markvisst eftir ákveðnum orðaforða.

Lestur: Lesnir textar í kennslubók. Lesnar 3 léttar bækur að eigin vili og svarað verkefnum um þær.

Talað mál: Enska notuð sem mest til samskipta í kennslustofunni. Nemendur geti gert munnlega grein fyrir efni sem hann hefur lesið um, hlustað á eða horft á.

Málfræði: Nemendur geti beitt eftirtöldum málfræðiatríðum : nútíð og þátíð, núliðinni og þáliðinni tíð, nafnorðum, lýsingarorðum, atviksorðum, fornöfnum og forsetningum.

Ritun: Nemendur skrifa samfellda texta á léttu máli, þ.e. bréf og skýrslur og geti tjáð sig skriflega um efni sem hann hefur lesið um, hlustað á eða horft á.

Mat: Skriflegar kannanir við lok hvers kafla í kennslubók. Símat á verkefnum sem nemendur vinna yfir veturinn og próf í lok kennsluárs. Skil á verkefnum um þær léttlestrarbækur sem nemendur lesa. Munnlegt próf í lok kennsluárs. Í námsmati skal taka mið af þeim 4 færnisþáttum sem fram koma í markmiðum, þ.e. hlustun, lestri, töluðu máli og ritun.

2.5. Íþróttir

Skynþroski Hreyfibroski

Nemandi:

- viðhaldi skyn- og hreyfifærni með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar
- þjálfist í samsettum hreyfingum
- auki færni sína og sérhæfingu í íþróttagrein eða annarri hreyfingu eftir vali og áhugasviði
- fái nýja hreyfireynslu sem snýr að þátttöku í íþróttum eða hreyfingu, s.s.
- nái frekari tókum á undirstöðuatriðum vetraríþróttar, s.s.
- fái tækifæri til að iðka íþróttagrein að eigin vali í styttri eða lengri tíma
- fái fjölbreytta hreyfireynslu af íþróttum og heilsurækt utan- sem innanhúss

Líkamsþroski Fagurþroski

Nemandi:

- þjálfist í æfingum og leikjum sem efla líkamsþol, s.s.
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s.
- noti eigin líkamsþunga til kraftþjálfunar
- noti létt áhöld og lóð til kraftþjálfunar
- þjálfist í æfingum sem efla hraða og viðbragð, s.s.
- þjálfist þrek sitt á leikrænan hátt með undirstöðuæfingum ýmissa íþróttagreina
- beiti réttri tækni við vöðvateygjur og liðkandi æfingar
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti
- læri nýjan íslenskan og erlendan dans
- þjálfist enn frekar í að auðga hugmyndaflug, sköpunarmátt og tjáningu með fjölbreyttu hreyfinámi

Félagsþroski Tilfinningaþroski Siðgæðisþroski

Nemandi:

- þjálfist í að skipuleggja og taka þátt í samstarfsverkefnum
- taki þátt í hópverkefnum sem innihalda samvinnu af ýmsum toga, s.s.
- átti sig á því hvaða íþróttagrein eða heilsurækt henti sér best út frá getu og áhuga
- fái hvatningu til frekari íþróttaiðkunar
- fái upplýsingar og kynningu á möguleika til ástundunar íþróttar hjá íþróttafélögum í heimabyggð eða næsta nágrenni

Vitsmunabroski

Nemandi:

- öðlist viðtæka þekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta
- öðlist grunnþekkingu á nokkrum hugtökum þolþjálfunar
- læri helstu reglur og átti sig á leikfræði helstu íþróttagreina
- þjálfist í notkun ýmiss konar útbúnaðar og klæðnaðar vegna útivistar
- nýti sér tölvu og upplýsingatækni við skrásetningu æfingadagbókar fyrir eigin þjálfun í líkams- og heilsurækt

Sund:

Á unglिंगastigi er lögð áhersla á þátt upplifunar í allri sundkennslu. Slík nálgun hefur það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall og slaka ástundun sem oft einkennir þetta tímabil. Sækjast skal eftir því að unglिंगarnir njóti þess að stunda sundnám og hafi af því bæði lærdóm og ánægju. Jafnframt skal stefnt að því að bæta þau áfangamarkmið sem náðust við lok 7. bekkjar.

2.6. *Lífsleikni*

Hér vantar námskrá frá umsjónarkennara

2.7. Náttúrufræði

Viðfangsefni:

Eðlisvísindi: Geri athuganir og geti útskýrt að orkuflutningu á sér stað þegar efni er hitað eða það kólnar. Geti útskýrt út frá niðurstöðum, samband sameindahreyfinga og hita, geti skráð í tölvu, hita sem fall af tíma, þrýsting frá gasi sem fall af hita og rúmmáli og mælt styrk jóna í mismunandi vökvum s.s. sýnum sem tekin eru úti í náttúrinni. Geti valið og notað viðeigandi mælieiningar um orku, varma og hita. Geti útskýrt kjarnahvörf og kjarnaklofnun, sérstöðu kjarnorku sem orkugjafa og möguleg áhrif þess á jörðinni. Geri athuganir með orkubreytingar s.s. að breyta stöðuorku í hreyfiorku, geti útskýrt hvernig orkan breytir um mynd t.d nýtingu sjávarfalla í framleiðslu raforku. Geti skilgreint og borið saman helstu einkenni hreyfiorku, stöðuorku, rafsegulorku, varmaorku, efnaorku og kjarnorku. Þekki helstu gerðir virkjana s.s. vatnsaflsvirkjarnir, jarðhitaver, kjarnorkuver, virkjun sjávarfalla vinds og sólarorku. Fjalli um mögulegar afleiðingar umsvifa mannsins við virkjun og aðra nýtingu orkulinda á lífríki. Átti sig á að sumar orkulindir eru endurnýjanlegar en aðrar ekki og geti tengt við sjálfbæra þróun.

Geti útskýrt rafspennu og rafstraum m.t.t. orku, mæli rafspennu og noti viðeigandi mælieiningar. Athugi samband milli straums og spennu í línuriti, reikni út viðnám með lögmáli lögmáli Ohms og noti viðeigandi mælieiningar. Vinni með hliðtengdar straumrásir og geri mælingar á spennu og straumi. Vinni með athuganir sem sýna seguleiginleika rafstraums. Geri sér grein fyrir hvernig hægt er að fá rafmagn úr segulmagni og tengsl þess við rafmagn. Geti útskýrt uppbyggingu einfalds rafmótors, skoði samsetning ýmissa rafmagnstækja s.s. síma og tölva.

Lífvísindi: Geti lýst á hverju flokkunarkerfi lífvera byggir og skilji hvert gildi fjölbreytileika lífvera á jörðinni er. Geti lýst sérstöðu þróunar lífs á nokkrum svæðum s.s. Ástralíu og Suður-Ameríku, og af hverju lífríki Íslands er fábreyttara en á meginlöndum m.a. með skírskotun til rannsókna á sögu lífs á Surtsey. Þekki ríki lífvera og sameiginleg einkenni innan hvers ríkis og vinni að verklegum æfingum s.s. smásjárskoðun og ræktun til nákvæmari glöggvunar. Vinni að heimildaöflun og verkefnum um einstaka hópa lífvera. Geti útskýrt lifnaðarhætti, veira og sérstöðu þeirra, eðli algengra veirusýkinga í mönnum og þekki árangur íslenskra veirurannsókna á sauðfé. Geti lýst fjölbreytni meðal baktería með tilliti til frumuöndunar og næringaröflunar, þekki hvernig maðurinn nýtir sér bakteríur í sína þágu og hvernig hann getur varist skaðsemi annarra. Geti lýst lífsferlum og næringaröflun sveppa og þekki gagnsemi og skaða sem af þeim hlýst. Kynnist ríkjum plantna og vefdíra út frá völdum áherslum s.s. lífsferlum, æxlun, ljóstillífun og þroskun. Vinni verkefni um valin líftæknileg atriði eða annað úr líffræði er varðar íslenskt atvinnulíf og rannsóknir s.s. notkun örvera, framleiðslu ensíma, lyfja eða annarra efna, hitakærar bakteríur, framleiðslu mjólkurafurða, fiskeldi, gróðurhúsaræktun, svepparæktun eða annað og lýsi því á hverju starfsemin byggist og hverjir eru möguleikarnir til framtíðar lítið.

Vettvangsferðir:

Eðlisvísindi: T.d. áburðaverksmiðjan, álverið og járnbendið á Grundartanga, hitaveita Reykjavíkur.

Lífvísindi: T.d ferð á rannsóknastofur í meinafræðum

Námstögn:

Eðlisvísindi: Orka

Lífvísindi: Lífandi veröld

Ítarefni:

Bækur

Heimur þekkingar.

Heimurinn okkar-vísindi og mannlíf nútímans 2. bindi 1983.

Stjörnufræði fyrir framhaldsskóla 1991, Iðnú.

Náttúrufræðingurinn; tímarit náttúrufræðinga

Myndbönd

T.d. frá Eyewitnes o.fl.

Veðrið, jarðeldar, steinaríkið, fiskar ár og tjarnir, heimskautin

Forrit

Vasaskipið

Arkimedes

Grundvöllur mats:

Skriflegt próf í lok hvernar annar.

Símat í verklegum æfingum þar sem metið er áhugi, sjálfstæði, ábyrgð, sköpunargáfa og rökhugsun.

Símat á verkefnaöppur og/eða stærri verkefni.

2.8. Samfélagsfræði

Námsgögn:

Landafræði handa unglíngum II
Þróunarlönd
Samferða um söguna
Íslenskur söguatlas

Ítarefni:

Öldin okkar
Hernámsárin (myndband)

Viðfangsefni:

Landafræði: Kort og myndir, nemendur læra að lesa upplýsingar út úr kortum og ýmsum gerðum myndrænnar framsetningar. Ríki heims, nemendur kynnast hinum ýmsu ríkjum heimsins með tilliti til atvinnulífs, náttúrufars, umhverfis og umhverfisvandamála, íbúafjölda og fólksfjölgunar, landnotkunar o.fl. Sérstök áhersla lögð á fræðslu um þróunarlöndin.

Saga: Ísland í aldarbyrjun, þjóðfélagsgerð, stjórnmalastefnur, tækniframfarir o.fl. Síðari heimsstyrjöldin, sérstök áhersla á stríðsárin á Íslandi. Tækniframfarir og þjóðfélagsbreytingar síðustu áratuga. Stefnt skal að því að nemendur vinni sjálfstætt og velji sér viðfangsefni til frekari dýpkunar.

Grundvöllur mats:

Hópavinna, verkefni og vinnubækur nemenda eru lagðar til grundvallar í námsmatinu. Þá eru lögð próf fyrir nemendur úr afmörkuðum efnisþáttum.

10. bekkur



3. 10. bekkur

3.1. Íslenska

Námsgögn:

Kennlubók í málvísi og ljóðlist e. Gunnlaug V. Snævarr
Íslendingasaga
Englar alheimsins e. Einar Má Guðmundsson
Ljóðaspjall e. Gunnlaug V. Snævarr
Ýmis ljósrít frá kennara
Kjörbækur
Útlaginn (kvikmynd)
Englar alheimsins (kvikmynd)

Ítarefni:

10x10 verkefni í móðurmáli fyrir 10. bekk e. Pál Ólafsson
Handbók í málfræði
Orðabækur
Réttritunarorðabók
Villi í villuleit (kennsluforrit)
Ritbjörg (kennsluforrit)
Ævar (kennsluforrit)
Málfræðigreining (kennsluforrit)
Málfræðileikir
Kennslubók í stafsetningu e. Árna Þórðarson
Réttritun 1 og 2
Skólaljóð
Ljóðasafn handa unglingum
Ljóðsprotar
Ljóðspeglar
Stuttungur 2
Orðið er laust
Orðalind

Viðfangsefni:

Lestur: Nemendur lesi sem fjölbreytilegastan texta bæði sér til gagns og gamans.

Talað mál og framsögn: Nemendur þjálfaðir í aðlilegum og skýrum framburði. Haldnir verða málfundir og nemendum leiðbeint með uppbyggingu talaðs máls.

Hlustun og áhorf: Í kennslu reynir á að nemendur geti hlustað á frásögn í bundnu og óbundnu máli. Einnig reynir á að nemendur geti hlýtt fyrir mælum. Einnig að þeir hlusti á upplestur af snældum (t.d. Englar alheimsins). Horft verður á nokkrar íslenskar kvikmyndir byggðar á sígildum íslenskum skáldverkum.

Ritun: Nemendur þjálfist í að orða hugsun sína skriflega í samfelldu máli. Þeir þjálfist áfram í ritgerðasmíð og að skrifa stuttar greinagerðir og/eða sögur, t.d. með hjálp ritvinnsluforrita. Nemendur kannist við allar stafsetningareglur og reglur um greinarmerkjasetningu.

Bókmenntir: Nemendur kynnist ritunartíma og frásagnaraðferð tveggja ólíkra bókmenntaverka, þ.e. íslendingasögu og nútíma-skáldsögu. Þeir geti notað markvisst ýmis bókmenntahugtök við umfjöllun um sögur. Nemendur kynnist viðhorfum og afstöðu persónanna í sögunum og viðhorfi höfundar. Þeir geti túlkað ljóð og lagt mat á innihald þeirra á sjálfstæðan hátt. Nemendur geti greint myndmál, líkingamál og stílbrögð í ljóðum, t.d. persónugervingar og líkingar, þekki ljóðstafi, bragliði og rím.

Málfræði: Nemendur:

- þekki helstu einkenni orðflokka
- kunni skil á beinni og óbeinni ræðu
- þekki undirstöðuatríðin í hljóðfræði
- þekki staðbundin framburðareinkenni
- geri greinarmun á réttu og röngu máli
- geri greinarmun á orðtökum og málsháttum og skilji merkingu þeirra
- geti greint orð frá hinu víðtæka til hins sértæka
- þekki samheiti og andheiti orða
- þekki mun á nýyrðum og tökuorðum
 - þekki frumlag, umsögn, andlag, sagnfyllingu, forsetningarlið, atvikslið, tengilið og einkunn
- þekki notkun og á for- og viðskeytum, rót, stofni og beygingarendingum
- þekki mun á málsgrein og aðal- eða aukasetningu

Grundvöllur mats:

Námsmatið er byggt á stöðugu eftirliti með vinnu nemandans. Námsmatið tekur til fjölbreyttra þátta námsins.

Lestur: Símat, þar sem sérstaklega er litið til þess hvort nemendur séu færir að svara spurningum úr lesefni. Fellur inn í einkun í bókmenntum.

Talað mál og framsögn: Símat, þar sem sérstaklega er litið til þess hvort nemendur færi rök fyrir máli sínu byggi það eðlilega upp og hafi eðlilegar áherslur og talandi.

Hlustun og áhorf: Ekki er gefið sérstaklega fyrir þennan þátt, enda hlýtur að endurspeglast í öðrum einkunnum hversu vel nemendur geta hlýtt fyrir mælum.

Bókmenntir: Skriflegt próf eru úr íslendingasögu og Englum alheimsins auk verkefna sem unnin eru jafnhliða yfirferð. Auk þess skrifa nemendur eina kjörbókaritgerð. Ljóð eru metin með skriflegu prófi í lok yfirferðar.

Ritun: Kjörbókaritgerð er metin til einkunnar í bókmenntum. Aðrar ritæfingar metnar jafnóðum.

Málfræði: Skrifleg próf sem kanna eiga málfræðikunnáttu nemenda verða í lok yfirferðar hvers þáttar. Á síðari hluta vorannar þreyta nemendur eitt heildarpróf (gamalt samræmt próf).

3.2. Stærðfræði

Námsgögn:

Almenn stærðfræði III

Ítarefni:

Ýmis ljósrituð viðbótarverkefni

Dægurðæmi

Leikni

Viðfangsefni:

Stærðfræði og tungumál: Nemendur vinna með háar og lágar tölur á ýmsu formi, þjálfast í rétttri notkun stærðfræðitákna og sviga. Áhersla á að nemendur ræði saman um stærðfræðina, beri saman bækur sínar og útskýri hver fyrir öðrum. Nemendur þjálfist þannig í meðferð stærðfræðilegra hugtaka. Nemendur æfist í að skrifa eigin skilgreiningar á hlutum og hugtökum og kynni eigin lausnir og hugmyndir bæði munnlega og skriflega.

Lausnir verkefna og þrauta: Unnið á markvissan hátt að þjálfun þrautalausna og nemendum kennd kerfisbundin vinnubrögð í því skyni.

Rökshenging og röksemdafærslur: Nemendur kynnast einföldum sönnunum og þjálfast í að koma auga á rökvillur. Nemendur búa til reiknirit.

Tengsl við daglegt líf: Unnið að því að skapa tengsl milli námsefnis nemenda og daglegs lífs þeirra, í hverjum námsþætti skulu tekin dæmi um notkun þekkingarinnar í daglegu lífi.

Tölur og reikniaðgerðir: Viðfangsefni eru t.d. ferningsrætur, brotabrot, stærsti samdeilir og minnsta samfeldi, óræðar tölur, staðalform samlagningar og margföldurnarandhverfur o.fl. Auk þess upprifjun á flestum fyrri námsþáttum stærðfræðinámsins. Nemendur reikna verkefni og bækur á sjálfstæðan hátt en styðjast við innlagnir frá kennara á töflu. Þá reikna nemendur reglulega heimadæmi sem kennari fer yfir. Nemendur temji sér að prófa niðurstöður og leita að villum í huganum í stað þess að trúa blint á reiknivélina.

Hlutföll og prósentur: Nemendur fást við hlutföll, s.s. í uppdráttum og uppskriftum, finna hluta og prósentur af heilum tölum og skoða ýmis hlutföll t.d. í byggingalist. Hlutföll milli rúmmynda í einni, tveimur eða þremur víddum. Nemendur þjálfast í umræðum um hlutföll og fáist við prósentureikning sem algengur er í þjóðfélaginu, svo sem við raðgreiðslur, launaútreikning, vaxtaútreikning o.s.frv.

Mynstur og algebra: Nemendur nota algebra til að tákna samband stærða með formúlum og gröfum, leysa fyrsta stigs jöfnur af öryggi og gera greinarmun á jöfnum og stæðum. Nemendur leysa einföld orðadæmi með því að setja upp jöfnur, leysa einfaldar annars stigs jöfnur með þáttun, margfalda upp úr svigum og þátta fyrsta og annars stigs margliður o.fl.

Rúmfræði: Ýmis rúmfræðileg hugtök s.s. strýta, kúla, keila o.s.frv. Nemendur fást við ýmis mælikerfi og tengsl þeirra. Viðfangsefni eins og jafna beinnar línu, hallatala, fleygbogar, hornasummur, Pýþagórasarregla o.fl.

Tölfræði og líkindafræði: Hugtökin tíðni, hlutfallstíðni, tíðnidreifing, meðaltal, vegið meðaltal, úrtak, tíðasta gildi og miðgildi. Áhersla lögð á skilning og túlkun á tölfræðilegum viðfangsefnum, sérstök áhersla á viðfangsefni sem tengjast daglegu lífi nemenda.

Grundvöllur mats:

Mat er ekki sundurliðað sérstaklega fyrir hvern þátt stærðfræðinámsins. Matið byggist á reglulegum könnunum, verkefnum og prófum. Miðað skal við að nemendur taki reglulega kannanir úr afmörkuðum námsþáttum. Þessar kannanir gildi 50% af voreinkunn. Reglulega td. mánaðarlega verði lögð fyrir heimaæmi (t.d. þrautir) sem kennari fer yfir og gilda þau 10% af voreinkunn. Vorpróf gildi 40%

3.3. *Danska*

Námsgögn:

Tag Fat

Ítarefni:

Dönsk orðabók handa skólafólki

Dönsk – íslensk orðabók

Danskar málfræðiæfingar

Ljósrituð verkefni úr ýmsum áttum

Valbók

Gömul samræmd próf

Viðfangsefni:

Hlustun: Unnið er með hlustunarefni í Tag Fat auk hlustunarverkefna úr gömlum samræmdum prófum.

Lestur: Nemendur vinna verkefni í tengslum við kennslubókina, lesa hraðlestrarbækur auk valbókar sem skrifuð er ritgerð upp úr. Nemendur öðlast færni í stigbreytingu lýsingarorða og notkun fornafna.

Talað mál: Unnar verða samtalsæfingar á ljósritum og nemendur æfa upplestur.

Ritun: Auk þess að skrifa valbókarritgerð vinna nemendur ýmis skrifleg verkefni í tengslum við kennslubókina Tag Fat. Enfremur eru unnin ritunarverkefni úr gömlum samræmdum prófum.

Grundvöllur mats:

Hlustun: Í gangi er símat yfir veturinn þar sem kennari gefur nemendum fyrirmæli á dönsku auk þess sem hlustunarverkefni úr gömlum samræmdum prófum eru metin.

Lestur: Nemendur taka próf í lok hvers misseris þar sem bæði er prófað úr lesnum og ólesnum textum. Einnig er gefin einkunn fyrir framistöðu í gömlum samræmdum prófum.

Talað mál: Nemendur taka munnlegt próf að vori.

Ritun: Lagt er mat á valbókarritgerð nemenda auk ritunarverkefna á prófum.

3.4. *Enska*

Námsgögn:

Project English 3 (lesbók, vinnubók)

One World 4 (lesbók, vinnubók)

Let's Listen 2

Ensk málfræði 1, 2 og 3 fyrir alla

Texts and Tasks

Ítarefni:

Annað hlustunarefni

Dagblöð og bækur

Orðabækur

Heppuskólaverkefni

Ýmsar léttlestrarbækur

“Charlie and the Chocolate factory”

Kvikmyndir án íslensks texta

Viðfangsefni:

Hlustun: Notað ýmis konar hlustunarefni. Nemendur þjálfaðir í að hlusta, skrifa hjá sér minnisatriði og vinna verkefni í tengslum við það. Nemendur þjálfist í að heyra ensku eins og hún er töluð á helstu málsvæðum enskrar tungu.

Lestur: Lesnir textar í kennslubók. Lesin bókin Charlie and the Chocolate factory í heild og unnin skrifleg verkefni. Lesnar 3 léttar bækur að eigin vili og svarað verkefnum um þær.

Talað mál: Enska notuð sem mest til samskipta í kennslustofu. Nemendur geti látið í ljós skoðanir og gert grein fyrir máli sínu.

Málfræði: Nemendur geti beitt eftirtöldum málfræðiatríðum: tíðum sagna, nafnorðum, lýsingarorðum, greini, atviksorðum, fornöfnum, forsetningum, skilyrðissetningum og þolmynd.

Ritun: Nemendur skrifa samfellda texta, þ.e. ritgerðir, gagnrýni, formleg og óformleg bréf og fylla út ýmis konar eyðublöð. Þeir æfa helstu reglur um greinarmerkjasetningu og orðaröð.

Mat: Skriflegar kannanir við lok hvers kafla í kennslubók. Símat á verkefnum sem nemendur vinna yfir veturinn og próf í lok kennsluárs. Skil á verkefnum um þær léttlestrarbækur sem nemendur lesa. Munnlegt próf í lok kennsluárs. Í námsmati skal taka mið af þeim 4 færnisþáttum sem fram koma í markmiðum, þ.e. hlustun, lestri, töluðu máli og ritun.

3.5. Íþróttir

Skynþroski Hreyfibroski

Nemandi:

- viðhaldi færni sinni og getu með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar
- þjálfist í samsettum æfingum
- fái tækifæri til að velja og stunda íþrótt eða líkams- og heilsurækt í ákveðinn tíma
- fái nýja hreyfireynslu sem snýr að þátttöku í íþróttum eða hreyfingu utan- og innanhúss

Líkamsþroski Fagurþroski

Nemandi:

- þjálfist í æfingum og leikjum sem efla líkamspól
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s.
- læri að nýta sér og ganga um þreksal eða þrektæki
- þjálfist í æfingum sem efla hraða og viðbragð
- fái verklega innsýn í tengsl marvissrar þjálfunar við bætta heilsu
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti
- læri nýjan íslenskan og erlendan dans
- semji verk sem inniheldur hreyfingu við tónlist

Félagsþroski Tilfinningaþroski Siðgæðisþroski

Nemandi:

- þjálfist í að skipuleggja og stjórna hluta úr kennslustund með því að
- taki þátt í hópverkefnum sem innihalda samvinnu af ýmsum toga
- nýti sér valfrelsi í íþróttatímum til sérhæfingar eftir áhugasviði
- styrki sjálfsmýnd sína með jákvæðri upplifun af íþróttaiðkun eða líkams- og heilsurækt

Vitsmunabroski

Nemandi:

- kunni til verka þegar skipuleggja þarf eigin þjálfun
- öðlist skilning á áhrifum mismunandi lífsstíls á heilsu og vellíðan
- skipuleggi eigin líkams- og heilsuræktarþjálfun undir handleiðslu kennara
- læri að finna púls
- læri hugræna þjálfun, s.s. öndunar- og slökunaræfingar
- viðhaldi kunnáttu sinni um reglur og leikfræði helstu íþróttagreina
- þekki helstu hugtök í þjálffræði
- fái innsýn í hvernig íþróttir geta nýst sem liður í endurhæfingu eftir slys eða veikindi
- læri helstu atriði skyndihjálpar, s.s.
- nýti sér tölvu og upplýsingatækni við skrásetningu æfingadagbókar fyrir eigin þjálfun í líkams- og heilsurækt

Sund:

Á unglingastigi er lögð áhersla á þátt upplifunar í allri sundkennslu. Slík nálgun hefur það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall og slaka ástundun sem oft einkennir þetta tímabil. Sækjast skal eftir því að unglingarnir njóti þess að stunda sundnám og hafi af því bæði lærdóm og ánægju. Jafnframt skal stefnt að því að bæta þau áfangamarkmið sem náðust við lok 7. bekkjar.

Við uppbyggingu og framsetningu námsmats er tekið mið af settum markmiðum aðalnámskrá. Eftirfarandi atriði verða notuð við námsmat í lok 10. bekkjar:

Hreyfifærni og útfærsla (sundstíll) metin í eftirfarandi sunnaðferðum:

- 50 m bringusundi, 12 m kafsundi, Björgun jafningja á sundi, björgunarvegalengd er 25 metrar. Fyrir björgun skal nemandi troða marvaða í 30 sek.

Eftirfarandi atriði eru sett fram sem hugmynd að samþættu námsmati í sundkennslu:

Tímataka, nemendur velja 2 atriði af 4:

100 m bringusund, tímalágmark drengir: 2 mín. 15 sek., stúlkur: 2 mín. 20 sek.

50 m skriðsund, tímalágmark drengir: 55,0 sek., stúlkur: 58,0 sek.

50 m baksund, tímalágmark drengir: 65,0 sek., stúlkur: 68,0 sek.

25 m flugsundi, tímalágmark drengir: 31,0 sek., stúlkur: 33,0 sek.

Þolsund, nemandi ljúki við að synda a.m.k. 600 m bringusund á innan við 20 mínútum

3.6. Lífsleikni

Námsgögn:

Margt er um að velja – Fyrirætlanir mínar
Veganestií umferðinni
Umferðarlög
Lög um neytendavernd
Nám að loknum grunnskóla

Ítarefni:

Í sátt og samlyndi
Alfræðiorðabók Arnar og Örlygs
Lagasafn Íslands
Internetið – síður Stjórnarráðsins og framhaldsskóla

Viðfangsefni:

Almennt fjallað um líf að loknum grunnskóla. Meðferð bankareikninga, hvernig á að fá lán og fjármögnunarleiðir, fjárfestingar, námslán o.s.frv. Nám að loknum grunnskóla kynnt, framhaldsnám, háskólanám, bílpróf o.s.frv. Nemendur læra um réttindi sín og skyldur sem fullgildraþegna í íslensku samfélagi.

Námsmat:

Ekki er gefin einkunn fyrir lífsleikni.

3.7. Náttúrufræði

Viðfangsefni:

Eðlisvísindi: Geti greint óþekkt efni á bræðslu og suðumarki þeirra, þekki uppbyggingu frumeinda, sætistölu, massatölu og samsætur, þekki uppröðun lotukerfisins og á hverju það byggir. Þjálfist í að finna mismunandi efnaformúlur, geti stillt efnajöfnur og staðfest. Kannist við rafgreiningu vatns í vetni og súrefni, geti framkvæmt athuganir á óþekktu efni og séð hvort það er frumefni eða efnasamband ef um hreint efni er að ræða. Kynnist eiginleikum og efnasamsetningu lofthjúpsins, þekki hugtökin ósonlag og gróðurhúsaáhrif.

Jarðvísindi: Geri sér grein fyrir stöðu sólkerfis okkar í vetarbrautinni og þekki einkenni þess. Þekki reikistjörnurnar, nöfn og einkenni, staðsetningu, helstu fylgitungl og ólík lífskilyrði. Þekki kenningar um þróunarsögu sólkerfisins. Geti lýst fæðingu, þróun og endalok stjarna, loftsteina halastjarna og stjörnuhröp. Skilji hvers vegna tungl- og sólmyrkvar eiga sér stað. Geti útskýrt eðli flóðs og fjöru út frá þyngdarkrafti, árstíðaskipti út frá stöðu jarðar, og halla jarðmönduls. Þekki stórahvellskenninguna og mismunandi kenningar um upphaf alheims.

Lífvísindi: Vinni verkefni um hafið við Ísland, vistkerfi þess og nýtingu. Vinni verkefni um eitt vistkerfi í heimabyggð, s.s. vatn, á , skóg eða fjöru. Skilji að vistkerfi byggist á samspili lífvera innbyrðis og við lífvana umhverfi og geti skýrt mögulegar afleiðingar ef fæðukeðjur raskast. Geti nefnt dæmi um fjölbreytni í samskiptum lífvera s.s. samhjálp, samkeppni, gítilífi og sníkjulífi. Geti útskýrt orkuflæði í vistkerfum, efnahringrásir í vistkerfum s.s. kolefnis og súrefnis. Geti lýst hlutverki erfðaefnisins DNA, gena og litninga. Geti útskýrt mikilvægi erfðalykla erfðaefnisins. Þekki og geti beitt hugtökunum ríkjandi og víkjandi gen, arfhreinn og arfblendinn. Vinni útreikninga sem sýna líkur á að erfðaeiginleiki erfist frá einni kynslóð til annarrar og kynnist þannig hugmyndum Mendels. Geti lýst fjölbreytni í erfðum s.s. vegna tilfærslu á genum, kynæxlunar og stökkbreytinga. Skilji hvað stjórnar kynferði einstaklings, athugi litninga mannsins á mynd, breytileika þeirra og sérstöðu kynlitninga. Geti útskýrt erfðir blóðflokka manna og kynbundnar erfðir s.s. litblindu. Geti skýrt og nefnt dæmi um einræktun (klónun). Leiti upplýsinga og ræði um genasplæsingar, kynbætur búpenings, gerð og notagildi genakorts mannsins, hugmyndir um erfðalækningar, einnig út frá siðfræðilegum sjónarmiðum. Fjalli um á hvaða hugmyndum þróunarkenning Darwins er byggð og hver eru helstu áhrif hennar á heimsmynd mannsins. Geti lýst því hvaða þættir hafa áhrif á náttúruval. Geti skýrt kenningar um þróun lífs á jörðinni og stuðst við líffræðileg rök og steingervinga.

Vettvangsferðir:

Eðlisvísindi: T.d. áburðaverksmiðjan, álverin, járnblendid á Grundartanga og Hitaveita Reykjavíkur ofl.

Jarðvísindi: T.d. stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness, Valhúsaskóla.

Lífvísindi: T.d ferð í Íslenska erfðagreiningu.

Námsgögn:

Eðlisvísindi: Efnafræði Þóris Ólafssonar

Jarðvísindi: Efni frá kennara

Lífvísindi: Erfðir og þróun

Ítarefni:

Bækur: T.d. Heimur þekkingar.

Heimurinn okkar-vísindi og mannlíf nútímans 2. bindi 1983.

Myndbönd: Eyewitnes; Fiskar, heimskautin

O.fl.

Grundvöllur mats:

Skriflegt próf í lok hverrar annar.

Símat í verklegum æfingum þar sem metið er áhugi, sjálfstæði, ábyrgð, sköpunargáfa og rökhugsun.

Símat á verkefnaöppur og/eða stærri verkefni.

3.8. Samfélagsfræði

Námsgögn:

Samfélagið

Ítarefni:

Ýmislegt ljósritað efni frá kennara svo sem efni úr fjölmiðlum um það sem efst er á baugi hverju sinni.

Viðfangsefni:

Sjálfsmynd nemenda, réttindi þeirra og skyldur, stjórnkerfi samfélagsins. Nemendur rýna í samfélagið og meta sína stöðu og möguleika innan þess. Einhver brýn og vekjandi málefni líðandi stundar eru krufin til mergjar og í leiðinni eru grannskoðaðir upplýsingamiðlar samtímans.

Grundvöllur mats:

Hópavinna, verkefni og vinnubækur nemenda eru lagðar til grundvallar námsmatinu. Þá eru próf fyrir nemendur úr afmörkuðum efnisþáttum.

Valgreinar
9. – 10. bekk



4. Valgreinar í 9. – 10. bekk

4.1. Heimilisfræði

Námsgögn: Heimilisfræði 2, verkefnablöð (heimilisbúnaður og vinnuskipulag, matreiðsla og framreiðsla, næringarfræði)

Ítarefni: ýmsar uppskriftir

Mat: verklegt og bóklegt próf, símat

Næring og hollusta:

- skrái í fæðudagbók fæði í einn dag og meti niðurstöður með hjálp upplýsingatækni (tölvu)
- læri umkvilla og sjúkdóma sem tengjast mataræði, svo sem lysterstol, lotugræðgi, offitu, sykursýki, ofnæmi og óþol, og um næringarástand í heiminum.
- þjálfist í að setja saman dagsfæði mismunandi einstaklinga samkvæmt RDS með aðstoð tölvu
- kynnist grænmetisfæði, helstu kostum þess og göllum

Matreiðsla og vinnubrögð:

- þjálfist í að geta með öðrum skipulagt, útbúið og borið fram mat við ýmis tækifæri
- þekki helstu þjóðarrétti Íslendinga og geti útbúið mat frá ýmsum löndum
- fái þjálfun í að beita helstu matreiðsluaðferðum og geti framreitt máltíð sjálfstætt
- beri saman kosti og galla algengra matreiðsluaðferða með aðstoð upplýsingatækni
- sýni hugmyndaflug og skapandi hugsun við matargerð

Hreinlæti:

- tileinki sér hreinlæti í verki við heimilisstörf
- þjálfist í að halda hóbýlum hreinum
- öðlist færni í að þvo upp í höndum og uppvottavél og halda hreinum tækjum og áhöldum í umhverfi sínu

Neytendafræði og umhverfisvernd:

- geri sér grein fyrir réttindum sínum og skyldum sem neytanda

Aðrir þættir:

- vinni verkefni um það hvaða búnaður þarf að vera til staðar á heimilum og áætli kostnað

Matvælafræði:

- þjálfist í að nýta sér upplýsingar, varúðarreglur og varnaðarmerki
- fái innsýn í matvælaíðnað og fai í heimsókn í matvælafyrirtæki

4.2. Fjöllist

Viðfangsefni:

Hinar ýmsu ólíku listgreinar.

Markmið:

Nemandi kynnist og læri að meta ólíkar listgreinar og geti jafnvel teft þeim saman og komi til með að leyfa fleirum að njóta þess með sér, helst á opinberum vettvangi.

Námsefni:

Unnið af kennara og öðrum sem að námskeiðinu koma.

Námsmat:

Mæting, sjálfsmat og umsögn í lok hvernar lotu.

4.3. Hannyrðir

Námsgögn:

Hvernig á að sauma á saumavél
Á þrjónunum eftir Unni Breiðfjörð
Föt á börn eftir Sigrúnu Guðmundsdóttur
Þrjónablöð, sniðblöð, ýmsar handbækur og ljósrit.

Viðfangsefni:

Þrjón – munsturprón, þrjónað á fjóra þrjóna (sokkar, vettlingar).
Hekl – loftlykkjur, keðjulykkjur, fastahekl, stuðlar, tvíbrugðnir stuðlar.
Vélsaumur – nemendur læri að taka upp snið, sníða og sauma einfaldar flíkur.
Bútaumur, fixativeúðun, munsturgerð, útsaumur, leðurvinna, silkimálun.

Námsmat:

Símat í kennslustundum þar sem vinnubrögð, iðjusemi, hegðun og fleira er lagt til grundvallar. Nemendur fá einkunn í tölum og umsögnum. Staðlað verklegt og skriflegt próf er í lok 10. bekkja.

4.4. Tölvufræði

Námsgögn:

Verkefnahefti fyrir gluggaumhverfi – Windows, Word, Excel
Internetið á eigin spýtur – Outlook Express, Internet Explorer og fleira.

Ítarefni:

Ýmislegt frá kennara.

Viðfangsefni:

Verkefnavinna: Unnin verkefni úr verkefnaheftinu, sérstaklega í Word og Excel. Þannig að nemandinn sé fullfær um að skila ritgerðum í tölvutæku formi og útprentuðum með myndum, blaðsíðunúmerum, efnisyfirliti og tilheyrandi. Geti sett upp skjöl í Excel með römmum, Nemandi notar internetið, vafrar um á netinu og lærir um notkun á tölvupósti.

Grundvöllur mats:

Verkefnavinna í tímum: Skil á verkefnum unnum í tímum. Fjöldi skilaðra verkefna og hvernig þau hafa verið unnin.

Annarpróf og vorpróf: Kunnátta nemenda á notkun ritvinnsluforritsins Word og töflureiknirnum Excel, notkun á Windows umhverfinu, póstforritinu Outlook Express og Internet Explorer prófuð.

4.5. Smíði

Viðfangsefni

T.d. skylduverkefni í tré sem fela í sér samsetningar eins og stóll, skápur, hilla, bakki. Skeiðar af ýmsum gerðum eru skyldustykki í málmum og svo verkefni eins og næla, hálsmen, eyrnalokkar, skál, súlpúr, beltissylgjur og blaðahnífur, borðklukkur, kertastjappar, bakkar, lágmynd, gluggaskraut, kertaslökkvarar, ostahnífur og armbönd. Einnig er tekin tæknimennt eins og rafknúinn bíll, bátur eða faratæki sem er knúinn áfram einhversskonar krafti.

Markmið

Nemendur rifji upp þá þætti sem áður hafa verið kenndir s.s. sögun, heflun, samsetningar og yfirborðsmeðferð. Nemendur haldi áfram með málmvinnu og fái kynningu á smelti.

Vinnubrögð

Reynt er að flétta einhverja samsetningarprófun inn í trésmíðaþáttinn s.s. krossfellingu, grópun, fjöðrun eða töppun. Í málmum er það að sverfa, snúa, hamra, lóða, kveikja og pólera málma.

Verkfæri

Hér bætist við jukksög og stingsög við þau verkfæri sem áður hafa verið notuð.

4.6. Tónmennt

Nemendur í þessum aldursflokki eru á tímamótum, andlega og líkamlega og þurfa þess vegna mikið á sjálfsstyrkingu að halda, þar gegnir tónlistin stóru hlutverki og sú spegilmynd sem hún gefur af þeirri tónlistarveröld sem þau heillast af.

Áhugi nemandans sjálfs er ein mikilvægasta forsenda fyrir árangursríku námi.

Þess vegna þarf að vekja með honum jákvæða afstöðu til tónmenntarnáms og byggja ofan á þann grunn sem hann hefur, en það er sú tónlistarreynsla sem hver nemandi hefur áunnið sér í gegn um námið og eins ef hann hefur stundað nám í tónlistarskóla.

Grunnskólinn og tónlistarskólinn hafa tekið upp það samstarf að nemendur í 9. og 10. bekk, sem jafnframt eru í tónlistarnámi, velja sér tónlist í valgrein innan grunnskólans og fá þar kennslu í tónheyrn og tóngreiningu.

Er æskilegt að þetta samstarf haldi áfram, til þess að hægt verði að sinna þeim bóklegu greinum sem nemendur í tónlistarnámi þurfa að læra, samkvæmt námskrá tónlistarskólanna.

Æskilegt er að við lok 10. bekkjar geti nemendur notað hljóðfæri til að leika laglínur, leika undir söng og til lagasmíða og tónsköpunar.

Nemendur þekki íslenska tónlistarmenningu:

Ættjarðarlögin og höfunda þeirra.

Íslensku þjóðlögin.

Íslensk tónskáld og helstu verk þeirra.

Að nemendur fái innsýn í helstu tónskáld og tónlistarstefnur í gegn um söguna.

Að nemendur geti sett saman sín eigin dansform og sýnt þau.

Kynnist dansformum og ýmsum stílbrögðum í gegn um tónlistarsöguna

4.7. Rafmagnsfræði

Námsgögn:

Ýmsilegt unnið af kennara og úr ýmsum kennslubókum.

Ítarefni:

Ýmislegt frá kennara.

Viðfangsefni:

Verkefnavinna: Þurfa að læra ohmslög málið utanað. Unnin verkefni í tímum og heima.

Sjálfstæð heimavinna, verklegar mælingar og fl. Læra um hvað ber að varast við notkun á rafmagni og rafmagnstækjum.

Grundvöllur mats:

Verkefnavinna: Skil á verkefnum unnum í tímum og heima. Fjöldi skilaðra verkefna og hvernig þau hafa verið unnin.

Annarpróf og vorpróf: Kunnátta nemenda á ohmslög málinu, prófað með bóklegum og ef til vill verklegum verkefnum.

4.8. Hestamennska

Ekki er kennt samkvæmt námskrá í Hestamennsku, heldur fer kennslan fram í námskeiðsformi að vori.

4.9. Þýska

9. bekkur:

Námsefni:

Þýska fyrir þig – lesbók og orðasafn

Anna, Oskar und Herr Schmidt – kennslumyndband frá Goethe Zentrum í Reykjavík

Aukaverkefni:

“typisch deutsch” – safna upplýsingum um Þýskaland í tímaritum, dagblöðum o.fl.; fyrirhugaður er bókasafnstími

Markmið:

Að læra að nota tungumálið hiklaust þegar nemandinn er ávarpaður á þýsku; helstu réttitunarreglur; að fræðast um Þýskaland.

10. bekkur:

Námsefni:

Upprifjun (Þýska fyrir þig); aukaverkefni frá kennara.

Lola rennt – þýsk kvikmynd í þremur hlutum auk verkefna sem snerta myndina

Aukaverkefni:

“typisch deutsch” – safna upplýsingum um Þýskaland í tímaritum, dagblöðum o.fl.; fyrirhugaður er bókasafnstími

Markmið:

Að læra að nota tungumálið hiklaust þegar nemandinn er ávarpaður á þýsku; helstu réttitunarreglur; að geta haldið uppi samtali; að geta skrifað bréf; að fræðast um Þýskaland.

4.10. Íþróttافرæði

Námsefni:

Hreyfing og hreysti

Ítar- og hliðarefni:

Þjálfun-heilsa-vellíðan

A-stig ÍSÍ

Annað efni

Markmið:

Að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin heilsu.

Viðfangsefni:

Nemendur fræðast um þjálfun og heilsurækt.

Námsmat:

Próf í byrjun miðannar og í lok vorannar gildir 80%, kennaraeinkunn (ástundun og framkoma) 20%.

4.11. Bókfærsla

Námsefni:

Kennslubók í bókhaldi fyrir grunnskóla

Viðfangsefni:

Grunnatriði bókhalds. Þættir teknir til umfjöllunar sem snúa að algengum samskiptum kaupanda og seljanda, ávísanir, víxlar og annað lánaform. Litið á bókhaldsuppgjör.

Mat:

100% próf.

4.12. Félagsmálafræði

Námsefni:

Ýmis ljósrít frá kennara

Ítarefni:

Internetið

Viðfangsefni:

Nemendur læra um fundarsköp og félagastofnun. Að semja lög félags, leggja fram breytingartillögur, ganga til kosninga o.s.frv. Nemendur læra undirstöðuatriði í ræðumennsku, umbyggingu, röksemdafærslu, framkomu o.s.frv. Nemendur kynnst hinum ýmsu tegundum félagsmála, Íþróttahreyfingunni, leikfélögum, áhugahópum um ýmis málefni o.s.frv. Kynntar verða grunnkenningar félagsfræðinnar um manninn og þarfir hans sem félagsveru.

Námsmat:

Verkefni sem nemendur vinna eru metin til einkunnar.

4.13. Myndmennt

Viðfangsefni:

Litafræði, formfræði, vinnulag, hugmyndavinna, myndbygging, listasaga, fagurfræði og gagnrýni.

Markmið:

Nemandi þekki til vestrænnar nútímalistar og a.m k. einn til tvo íslenska og erlenda listamenn sem vinna í anda nútímalistastefna, sæki sýningar ef því verður við komið, skoði vefsíður, geti lýst munnlega og skriflega skoðun sinni á myndum, eigin og annarra og geti gengið frá myndverki til sýningar.

Námsefni:

Unnið af kennara eftir þörfum.

Námsmat:

Símat, sjálfsmat og umsögn í lok hverrar annar.

4.14. Nám í tónlistarskóla

Nám í tónlistarskóla fer fram samkvæmt námskrá Tónlistarskóla Húnaþings-vestra.

4.15. Vélfræði

Námsefni:

Undirstöðuatriði í Vélfræði

Ítarefni:

Ýmis ljósrít

Viðfangsefni:

Nemendur fræðast um vélar og búnað

Námsmat :

Próf í lok hverrar annar 90%, kennaraeinkunn 10%

4.16. Ritvinnsla

Námsefni:

Stuðst er við vélritunarnámsefnið “PC-Bach” en einnig eru notaðir ritþjálfar og verkefni með þeim.

Viðfangsefni:

Nemendur temja sér rétta fingrasetningu á lyklaborði tölvu/ritvélar og æfast í að slá inn texta. Einnig er gefinn gaumur að réttri líkamsstöðu og vinnustellingum.

Markmið:

Að nemendur læri rétta fingrasetningu og auki hraða sinn og færni í vélritun.

Námsmat:

Hraðapróf gilda 80% af eikunn en aðrir þættir s.s. ástundun og framkoma 20%